



Skýrsla um innra mat



2021-2022

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Um Brúarskóla	2
Innra mat í Brúarskóla	2
Niðurstöður innra mats	3
Hvatningakerfi	3
Ráðgjöf til almennra skóla	4
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	5
Faglegt samstarf	6
Velferð og líðan nemenda	6
Skólaámskrá og starfsáætlun.....	7
Samantekt	8
Hvatningakerfi	8
Ráðgjöf til almennra skóla	8
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	8
Faglegt samstarf	9
Velferð og líðan nemenda	9
Skólanámskrá og starfsáætlun	9
Umbótaáætlun 2020-2022	9
Heimildir	11
Gögn	11

Inngangur

Um Brúarskóla

Brúarskóli er annar af tveimur sérskólum í Reykjavík. Hann var stofnaður árið 2003 og er ætlaður fyrir nemendur sem eiga við alvarlegan geðrænan, hegðunarlegan eða félagslegan vanda að etja. Skólinn starfar nú á fjórum stöðum í borginni. Í Vesturhlíð er pláss fyrir 24-27 nemendur hverju sinni, ásamt því að ráðgjafarsvið skólans er staðsett þar. Í Grafarholti og Grafarvogi hafa verið starfræktir þátttökubekkir, Brúarsel og Brúarhús, í samstarfi við Ingunnarskóla annars vegar og Húsaskóla hins vegar. Þátttökubekkirnir eru ætlaðir nemendum á miðstigi úr þessum hverfum og er pláss fyrir fjóra til sex nemendur í hvorum bekk. Bekkirnir voru sameinaðir í Húsaskóla undir lok haustannar þegar í ljós kom að húsnaði Brúarsels við Ingunnarskóla var ónýtt. Þar hafa verið tíu nemendur í sameinuðu úrræði. Á Dalbraut fer fram sjúkrakennsla fyrir nemendur sem eru á Barna- og unglingsdeild og á Stuðlum er einnig sjúkrakennsla fyrir þá nemendur á grunnskólaaldri sem þar eru. Í Brúarskóla starfa um 50 manns.

Brúarskóli er tímabundið úrræði og markmiðið „að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði svo nemandinn geti bætt hegðun sína og félagsfærni í námi og skólastarfi og jafnframt er heimaskóli nemandans eflur til áframhaldandi starfs með honum.“ (Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir, 2012, bls. 28).

Stoðþjónusta Brúarskóla hefur tvíþætt hlutverk. Annars vegar að veita starfsmönnum almennra skóla ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu og hins vegar að vera starfsfólki Brúarskóla stuðningur í starfi og efla faglegt starf í skólanum. Í stoðþjónustunni starfar verkefnisstjóri ráðgjafar, verkefnisstjóri faglegs starfs, kennsluráðgjafi, sálfræðingur, þroskaþjálfari og náms- og starfsráðgjafi.

Einkunnarorð Brúarskóla eru jákvæðni, virðing og ábyrgð og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Innra mat í Brúarskóla

Grunnskólum ber, skv. 35. og 36. greinum gildandi laga um grunnskóla, að gera innra mat á starfsemi skólans (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Markmið með matinu eru að upplýsa um starfsemi skólans og tryggja gæði og framþróun skólastarfsins.

Í Brúarskóla starfar matsteymi sem leitt er af stjórnendum skólans. Teymið vinnur samkvæmt áætlun um innra mat sem nánar er fjallað um í skólanámskrá.

Vegna sérstöðu skólans eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á sjálfsmatið og framsetningu niðurstaðna. Má þar helst nefna fæð nemenda og í hversu stuttan tíma þeir stunda nám við skólann. Ekki er unnt að birta nákvæmar niðurstöður varðandi nám nemenda og ekki er hægt

að gera endurtekið mat á árangri í námi vegna þess hve stutt nemendur stoppa við. Að auki er foreldrasamstarf ekki með hefðbundnum hætti vegna stuttrar skólavistar nemenda.

Niðurstöður innra mats

Skólaárið 2021-2022 var áætlað að áhersla í innra mati yrði lögð á eftirfarandi þætti: Hvatningakerfi, ráðgjöf til almennra skóla, stjórnandinn sem faglegur leiðtogi, faglegt samstarf, skólanámskrá og starfsáætlun, velferð og líðan nemenda. Heimsfaraldur Covid-19 setti sitt mark á starfsemi skólans og varð til þess að áætlanir röskuðust að nokkru leyti. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr matinu sem fór fram.

Hvatningakerfi

Hlutverk Brúarskóla er að aðstoða nemendur við að bæta hegðun sína. Til þess hafa hvatningakerfi verið notuð í skólanum. Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor í sálfræði, sérkennslu og atferlisgreiningu, hefur í tvígang haldið námskeið fyrir starfsfólk skólans og byggja hvatningakerfin sem notuð hafa verið, að miklu leyti á þeim námskeiðum. Til þess að hvatningakerfin skili tilætluðum árangri er mikilvægt að starfsfólk og nemendur skilji kerfin og að þau séu notuð á réttan hátt. Nýtt starfsfólk hefur fengið kynningu á kerfunum þegar það hefur störf, stoðþjónusta skólans fylgir því eftir að kerfin séu notuð á réttan hátt og kerfin eru kynnt fyrir nemendum þegar þeir byrja í skólanum.

Í matsáætlun var það markmið sett að hvatningakerfin sem notuð eru í skólastarfinu þjóni tilgangi sínum, þau séu aðgengileg nemendum og starfsfólki og séu einföld og þægileg í notkun.


Tveir starfsmenn skólans unnu starfendarannsókn í vetur sem þar sem þau skoðuðu m.a. hvort nemendur skilji hvatningakerfin. Þau tóku viðtöl við nokkra nemendur í skólanum og sýna niðurstöður þeirra að flestir sem þau töluðu við skildu út á hvað kerfin ganga, eins og einn nemandi orðaði það „bókin er til að reyna að hjálpa manni, kenna manni hvað maður á að gera“. Nemendur virðast átta sig á tilgangi kerfanna, en þó virðist sem þau hafi nokkuð neikvæða sýn, þ.e. margir nefndu frekar hvað gerist ef þeir „ná ekki stjörnu“ en hver verðlaunin eru ef þeir standa sig vel og ná markmiðum sínum.

Í vinnu starfsfólks á starfsmannafundi í júní 2022 kom fram að starfsfólk telur tilgang hvatningakerfanna vera að hvetja nemendur og ýta undir jákvæða og æskilega hegðun.

Könnun var lögð fyrir starfsfólk skólans í júní 2022 þar sem spurt var út í upplifun þess og skilning á hvatningakerfunum sem notuð eru í skólanum. Niðurstöður sýna að 89% starfsfólks telur að aðal hvatningakerfið sem notað er gagnist vel í skólastarfinu en 8% eru frekar eða mjög ósammála því. Rúmlega 90% telja að hvatningabókin sé einföld í notkun, 4% eru frekar ósammála því. 90% starfsfólks er frekar eða mjög sammála því að þeir telji að nemendur skilji hvatningakerfin sem eru notuð og tæp 90% segjast þekkja fræðin sem liggja að baki hvatningakerfum eins og því sem notuð eru í skólanum. 12% segjast hafa einhverja hugmynd um hvað þetta snýst.

Athyglisvert er að þegar spurt var um hvort starfsfólk telji að við séum samstíga innan skólans í notkun hvatningakerfanna eru svörin mjög ólík. 46% segjast vera mjög eða frekar sammála því að starfsfólk skólans sé samstíga, 15% eru hvorki sammála né ósammála og tæp 40% segjast frekar eða mjög ósammála þessari fullyrðingu.

Ég tel að starfsfólk skólans sé samstíga í notkun hvatningakerfanna sem við notum
26 svör




Af þessu er ljóst að flestir þekkja hvatningakerfin nokkuð vel og telja að þau skili árangri í starfinu, en því er ábótavant að starfsfólk sé samstíga í notkun kerfanna sem vekur upp þá spurningu hvort notkun kerfanna sé rétt og markviss. Þetta verður tekið til athugunar á næsta skólaári, hvatningakerfin og fræðin að baki þeim kynnt fyrir starfsfólki og eftirfylgd stöðþjónustu aukin. Leggja þarf áherslu á jákvæða orðræðu í kringum kerfin þannig að nemendur fái jákvæða upplifun af þeim, og tryggja að þau styrki nemendur til bættrar hegðunar, eins og ætlunin er.

Ráðgjöf til almennra skóla

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem hefur það hlutverk að veita starfsfólki í almennum skólum ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu. Skólaárið 2021-2022 fengu ellefu skólar ráðgjöf vegna þrettán nemenda. Þeim skólum þar sem ráðgjöf var lokið og þeim sem eru í eftirfylgd var send viðhorfskönnun til þess að meta árangur ráðgjafarinnar. Könnunin var send á átján aðila, bæði stjórnendur og kennara. Alls svöruðu tólf (67%) einstaklingar könnuninni.

Könnunin sneri að því hvernig starfsmenn upplifðu að ráðgjöfin hefði nýst þeim í starfinu, hvað nýttist best og hvað hefði betur mátt fara. Í matsáætlun Brúarskóla var það viðmið sett að 90% þeirra skóla sem hafa fengið ráðgjöf frá Brúarskóla væru ánægðir með ráðgjöfina.

Niðurstöður könnunarinnar sýnda að 92% skólanna voru mjög eða frekar ánægðir með ráðgjöf frá Brúarskóla, þeir sem voru hvorki ánægðir né óánægðir voru 8,3%. Enginn var óánægður.



Hversu ánægð eða óánægð eru þið á heildina litið með ráðgjöf Brúarskóla?


Þegar spurt var hvort að ráðgjöfin hafi borið árangur í starfi með nemandann í kjölfar ráðgjafar þá svöruðu 25% að það væri mjög mikill árangur, 50% svöruðu að það væri frekar mikill árangur og 25% svöruðu að hvorki var mikill né lítill árangur af ráðgjöfinni.

Þeir skólar sem svöruðu könnuninni voru beðnir að svara því hvaða hlutar ráðgjafar nýttist best í starfinu þeirra en flestir svöruðu (33,3%) að breyting á vinnulotum og/eða námsefni hafi gagnast þeim best, fjórðungur sögðu að ráð varðandi það að stöðva ofbeldi/ógnandi hegðun hefði verið gagnlegt, 25% sögðu að umræður á fundum hefði nýst þeim best. Aðrir nefndu að umbunarkerfi, myndrænt skipulag og breytingar á skipilagi í kennslustofu nýttust þeim vel.

Flestum (75%) fannst sá tími sem ráðgjafar Brúarskóla voru inni í skólanum í vettvangsathugunum vera hæfilega mikill. Þá svöruðu þrír skólar (25%) að tími í vettvangsathugun hafi verið of lítill.

Allir skólarnir töldu fundi með ráðgjöfum hafa verið frekar (33,3%) eða mjög (66,7%) gagnlega.

Þá var spurt um ánægju með eftirfylgd í kjölfar ráðgjafar. 88% skólanna voru mjög eða frekar ánægðir. Einn skóli (8%) sagðist hvorki ánægður eða óánægður og einn (8%) var frekar óánægður.



Fjórir skólar töldu sig þurfa meiri eftirfylgni, en flestir töldu ekki þörf á því.

Hversu ánægð/óánægð eru þið með eftirfylgd ráðgjafa Brúarskóla í kjölfar vettvangsathugana?

Af þessum niðurstöðum má sjá að almenn ánægja er með þá ráðgjöf sem Brúarskóli veitir almennum grunnskólum. Covid-19 hafði nokkur áhrif á ráðgjöfina líkt og síðasta skólaár, en þá fyrst og fremst að því leyti að bið eftir ráðgjöfinni lengdist þar sem það komu tímabil þar sem ráðgjafarnir gátu ekki farið inn í almenna skóla.

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi

Samkvæmt lögum um grunnskóla hefur skólastjóri það hlutverk að vera faglegur leiðtogi í skólastarfinu. Aðrir skólastjórnendur geta deilt því hlutverki með honum. Stjórnendur skólans veita þannig forystu í að móta sýn og stefnu skólans og stuðla að samhljómi meðal starfsmanna. Þau viðmið voru sett í matsáætlun Brúarskóla að starfsfólk skólans upplifi að stjórnendur skólans hafi skýra sýn og marki skýra stefnu sem starfsfólk er meðvitað um og vinnur sameiginlega að.

Í niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir starfsfólk í lok skólaárs kom fram að 97% starfsfólks er frekar eða mjög sammála því að það þekki stefnu og markmið Brúarskóla. 3% sögðust frekar ósammála því. Þegar spurt var hvort starfsfólk upplifi að stjórnendur hafi skýra sýn og marki skýra stefnu í skólastarfinu sögðust 86% mjög eða frekar sammála en 14% sögðust hvorki sammála né ósammála. Þá voru 93% mjög eða frekar sammála því að starfsmannahópurinn starfi heilt á litið samkvæmt stefnu og markmiðum skólans, en 7% voru hvorki sammála ná ósammála því. Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar árið 2021 fékk spurningin „Ég þekki markmið og stefnu starfsstaðar míns“ einkunnina 4.45 á skalanum 1-5, og kemur út á grænu. Ekki var spurt að þessu í viðhorfskönnuninni í ár.

Þessar niðurstöður sýna að starfsfólk er almennt meðvitað um stefnu og markmið skólans og starfar samkvæmt því. Þá má sjá að skólastjórnendur hafa skýra sýn og marka skýra stefnu í skólastarfinu, en þó eru tækifæri fyrir stjórnendur að miðla sýn sinni enn betur.

Faglegt samstarf

Í Brúarskóla er miðað að því að kennarar skólans eigi reglulega samstarf um nám og kennslu, með það að markmiði að styrkja nám nemenda, og að skólastarfið einkennist af lýðræði og fagmennsku. Í matsáætlun skólans var það viðmið sett að kennarar upplifi að fagmennska þeirra nýtist í starfi og fái að njóta sín, og að samstarf sé á milli kennara þar sem allir upplifa að þeir leggi sitt af mörkum og að á þá sé hlustað í samstarfshópnum. Starfsmannateymi í hverjum hóp eiga að hafa stuttan fund í lok hvers dags þar sem farið er yfir hvernig dagurinn gekk og hvað þarf að hafa í huga fyrir næsta dag. Þar gefst tækifæri til þess að ræða þau mál sem koma upp og miðla upplýsingum.

Í könnun sem lögð var fyrir starfsfólk í lok skólaárs voru kennarar og annað fagmenntað starfsfólk beðið að svara því hvort það upplifi að fagþekking þeirra nýtist í starfinu og þau njóti sín sem fagmanneskjur í starfi sínu. 91% sögðust frekar eða mjög sammála en 9% sögðust hvorki sammála ná ósammála. Þau voru einnig spurð hvort þau upplifi að þau geti lagt sitt af mörkum í faglegu starfi og að það sé hlustað á það sem hafi fram að færa. 95% voru frekar eða mjög sammála því og 5% hvorki sammála né ósammála.


Velferð og líðan nemenda

Í öllu skólastarfi er velferð og líðan nemenda mikilvægasti þátturinn. Nemendur sem koma í Brúarskóla hafa margir hverjir neikvæða upplifun af skóla og þeim getur reynst erfitt að koma í nýtt skólaumhverfi. Flestir nemendur hafa stutta viðdvöl í Brúarskóla, oft um eitt skólaár þó sumir séu lengur. Því er mikilvægt að huga að líðan þeirra og markmiðið að byggja upp jákvæða upplifun af skólastarfi hjá þeim.

Brúarskóli er fámennur skóli og nemendur í litlum hópum sem gefur starfsmönnum skólans kjörið færi á að mynda góð tengsl við nemendur, kynnast þeim vel og læra að þekkja styrkleika þeirra. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda og efla skólafærni þeirra. Reglulega er könnun á líðan lögð fyrir nemendur, venjulega í október og maí. Það fórst fyrir að leggja könnun fyrir í október þetta skólaárið en í maí 2022 svaraði 31 nemandi könnuninni. Nemendur svara könnuninni rafrænt og nafnlaust.

Spurt var um líðan nemenda í skólanum og svöruðu 33% nemenda að þeim líði mjög vel eða vel í skólanum, 30% sögðu að þeim líði allt í lagi en 37% nemenda sögðu að þeim líði illa eða mjög illa í skólanum. Þetta er mikil breyting til hins verra frá því árið áður. En þá voru einungis 5% nemenda sem sagði að þeim líði illa eða mjög illa í skólanum og 65% nemenda leið mjög vel eða vel í skólanum.

Hvernig líður mér í skólanum
30 svör



57% nemenda upplifa að starfsmenn tali við þá á hverjum degi í skólanum, 23% upplifa að starfsmenn tali stundum eða oftast við þá daglega en 20% nemenda upplifa að starfsmenn tali

ekki við þá daglega. Þetta er einnig mikil breyting frá árinu á undan en þá upplifðu 95% nemenda að starfsmenn töluðu við þá daglega. Aðeins 40% nemenda upplifa að þeir geti alltaf leitað til starfsmanns ef þeim líður illa en 53 % nemenda upplifa að þeir geti ekki eða sjaldan leitað til starfsmanna ef þeim líður illa.

40% nemenda upplifa að þeir fái hrós á hverjum degi, 33% upplifa að þeir fái stundum eða sjaldan hrós og 27% finnst þeim eiginlega aldrei vera hrósað.

Helmingur nemenda skólans upplifir sig örugga í skólanum en 95% nemenda upplifðu sig örugga í skólanum í maí 2021.

43% nemenda í Brúarskóla telja sig geta náð árangri með hegðun sína en 90% nemenda töldu sig geta náð árangri með hegðun sína í maí 2021.

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir teldu sig geta náð árangri í námi í Brúarskóla voru rétt rúmlega helmingur eða 53%, sem töldu svo vera, en árið 2021 voru það 79%.

62% nemenda upplifir að þeir fái hjálp í því sem þeir þurfa í skólanum og 38% upplifa að þeir fái sjaldan eða aldrei hjálp í skólanum. Þetta er einnig töluverð lækkun frá fyrra ári.

Af þessum niðurstöðum má sjá að líðan nemenda skólans hefur farið versnandi síðastliðið ár. Við lítum þessar niðurstöður alvarlegum augum og allt kapp verður lagt á að bæta líðan nemenda næsta skólaár og að nemendur fái jákvæða upplifun af skólanum og samskiptum við starfsfólk skólans.

Skólaámskrá og starfsáætlun

Grunnskólum er ætlað að birta stefnu sína á tvo vegu. Annars vegar skulu þeir birta almenna stefnumörkun í skólanámskrá og hins vegar breytilegar upplýsingar í árlegri starfsáætlun. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir útfærslu skólans á lögum og reglugerðum, aðalnámskrá og menntastefnu viðkomandi sveitarfélags. Í starfsáætlun er aftur á móti gerð grein fyrir skóladagatali, starfsfólki, tilhögun kennslu, skólareglum og fleira í þeim dúr.

Starfsáætlun Brúarskóla fyrir skólaárið 2021-2022 lá fyrir í september 2021 og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Skólanámskrá Brúarskóla hefur verið í endurskoðun en var birt á heimasíðu skólans í maí 2022.

Samantekt

Hér á eftir er samantekt á niðurstöðum úr innra mati í Brúarskóla skólaárið 2021-2022. Dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta fyrir hvern þátt.

Hvatningakerfi

Styrkleikar

- Nemendur virðast flestir skilja hvatningakerfin vel og átta sig á tilgangi þeirra
- Starfsfólk telur flest (89%) að hvatningakerfin gagnist vel í skólastarfinu og séu einföld í notkun
- 90% starfsfólks þekkir fræðin sem hvatningakerfin byggja á

Tækifæri til umbóta

- Starfsfólk virðist ekki vera samstíga í notkun hvatningakerfanna
- Sumir nemendur virðast upplifa hvatningakerfin á neikvæðan hátt

Ráðgjöf til almennra skóla

Styrkleikar

- 92% skóla sem hafa fengið ráðgjöf eru mjög eða frekar ánægðir með ráðgjöfina
- 75% skóla sögðu að árangur af ráðgjöfinni væri mjög (25%) eða frekar (50%) mikill
- 88% skóla voru mjög (50%) eða frekar (33%) ánægðir með eftirfylgd í kjölfar ráðgjafarinnar

Tækifæri til umbóta

- Auka enn frekar árangur af ráðgjöfinni

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi

Styrkleikar

- 97% starfsfólks skólans þekkir stefnu og markmið Brúarskóla
- 93% starfsfólks telur að unnið sé samkvæmt stefnu og markmiðum skólans
- 86% starfsfólks upplifir að stjórnendur hafi skýra sýn og marki skýra stefnu í skólastarfinu

Tækifæri til umbóta

- Tækifæri eru fyrir stjórnendur að miðla sýn sinni enn betur til starfsfólks.

Faglegt samstarf

Styrkleikar

- Yfir 90% fagmenntaðs starfsfólks upplifir að þau njóti sín sem fagmanneskjur í starfinu, þau geti lagt sitt af mörkum til faglegs starfs innan skólans og að það sé hlustað á það sem þau hafa fram að færa.

Velferð og líðan nemenda

Tækifæri til umbóta

- 37% nemenda skólans segja að þeim líði illa eða mjög illa í skólanum
- 20% nemenda upplifa að starfsfólk tali ekki við þá daglega og 53% nemenda upplifa að þeir geti ekki eða sjaldan leitað til starfsmanna ef þeim líður illa.
- 27% nemenda upplifa að þeim sé eiginlega aldrei hrósað
- 50% nemenda upplifa sig ekki örugga í skólanum

Skólanámskrá og starfsáætlun

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun hafa verið birtar á heimasíðu skólans

Umbótaáætlun 2020-2022

Umbótaþættir sem áætlað var að vinna sérstaklega með skólaárið 2021-2022 sneru að ráðgjöf til almennra skóla, nemendum sem eru lengur en 14-16 mánuði í Brúarskóla og skólanámskrá. Auk þess að viðhalda þeim umbótum sem unnar voru samkvæmt áætlun síðastliðið skólaár.

Í niðurstöðum könnunar á árangri af ráðgjöf sem almennir skólar fengu skólaárið 2019-2020 kom fram að 60% skóla töldu árangur af ráðgjöf vera hvorki mikinn né lítinn eða frekar lítinn. Í kjölfarið hefur aukin áhersla verið á að bjóða skólum upp á fræðslu um fyrirbyggjandi aðferðir og viðbrögð við erfiðri hegðun nemenda. Nú í maí, 2022, var könnun lögð fyrir almenna skóla sem hafa fengið ráðgjöf þetta skólaár, 2021-2022. Niðurstöður þeirrar könnunar sýna að 75% þeirra skóla sem fengu ráðgjöf töldu árangur af ráðgjöfinni mjög mikinn eða frekar mikinn. 25% töldu árangurinn hvorki mikinn né lítinn. Rúmlega 90% skóla voru mjög eða frekar ánægð með ráðgjöfina heilt á litið og þeir skólar sem höfðu fengið fræðslu um fyrirbyggjandi aðferðir og viðbrögð við erfiðri hegðun nemenda sögðu allir að starfsfólki gengi betur að takast á við erfiða hegðun nemenda eftir að hafa setið námskeiðið (22% mun betur og 78% betur).

Samkvæmt reglum um inntöku og útskrift nemenda úr Brúarskóla, er skólanum ætlað að vera tímabundið úrræði, að jafnaði í eina til tvær annir. Reynslan á undanförunum árum virðist þó vera að leiða í ljós að í dag er sá tími almennt of stuttur, til þess að ná þeim árangri að nemendur séu tilbúnir til þess að takast á við nám í almennum skóla. Á síðustu tveimur

skólaárum hafa 26 nemendur útskrifast frá Brúarskóla, meðal skólavist þessara nemenda var 17 mánuðir. Af þessum 26 nemendum voru 10 eina til tvær annir í skólanum og átta þeirra voru í þátttökubekk, þar sem skólavistin er almennt styttri. Í Vesturhlíð var meðaltími á skólavist rúmir 24 mánuðir. Það er því ljóst að endurskoða þarf reglurnar um inntöku og útskrift, og/eða hlutverk Brúarskóla.

Á hverjum tíma eru nokkrir nemendur í Brúarskóla sem líklegt er að verði í skólanum til lengri tíma og ljúki jafnvel skólagöngu sinni þar. Aðstæður þeirra og ástæður langtímavistar eru misjafnar og þörf á einstaklingsmiðuðum leiðum. Framan af skólagöngunni er alltaf stefnt að því að nemandinn geti náð þeim árangri sem þarf til þess að hann geti útskrifast og farið í almennan skóla. Því er erfitt að meta á hvaða tímapunkti viðkomandi verður langtímanemandi sem þarf aðra nálgun en aðrir nemendur. Alla jafna er það ekki fyrr en í unglingsáldri, í 9. eða 10. bekk sem ákveðið er að nemandi muni ljúka grunnskólagöngu sinni í Brúarskóla. Þá hefur í mörgum tilvikum gagnast vel að nemandi taki þátt í atvinnutengdu námi. Auk þess hefur verið boðið upp á aukið val í námi til þess að koma til móts við þarfir þeirra nemenda sem hafa verið árum saman í Brúarskóla og teljum við að það hafi gengið vel. Vandinn liggur frekar í því að þessir nemendur sem eru í Brúarskóla til lengri tíma, hafa fylgst með öðrum nemendum koma í skólann og útskrifast, en þeir sitja sjálfir eftir. Rætt hefur verið um að hafa þá nemendur sem eru til lengri tíma í Brúarskóla í sér hóp, þannig að þeir upplifi síður að þeir sitji eftir. En í ljósi þess hve fáir nemendur þetta eru hverju sinni og að framan af er alltaf stefnt að því að nemendur fari aftur í almennan skóla, hefur reynst erfiðlega að finna góða lausn á því hvernig hægt er að framkvæma þetta.

Stjórnendur skólans telja að endurskoða þurfi reglur um innritun og útskrift nemenda með tilliti til þess hve lengi nemendur eru raunverulega í Brúarskóla og skoða hvort setja eigi hámark á lengd skólavistar eða endurskoða hlutverk skólans. Þessi umræða hefur þegar verið tekin upp við stjórnendur á skóla- og frístundasviðið Reykjavíkurborgar, en henni hefur ekki verið lokið með ákvörðun.

Skólanámskrá Brúarskóla hefur verið birt á heimasíðu skólans.

Hér á eftir verður fjallað um þá umbótaþætti sem unnir voru á síðasta skólaári og áætlað að viðhalda á yfirstandandi skólaári.

Síðustu tvö skólaár hafa reynst mörgum erfið, bæði nemendum og starfsfólki, vegna heimsfaraldurs Covid-19. Reynt var að halda áhrifum af heimsfaraldrinum á skólastarfið í lágmarki, en hann hefur óneitanlega haft hin ýmsu áhrif á líðan fólks, samstarf, endurmenntun starfsfólks, starfsanda og fleira.

Reglulega hefur könnun um líðan nemenda verið lögð fyrir í Brúarskóla og niðurstöður síðasta árs sýndu að við vorum á réttari leið með að auka vellíðan og öryggistilfinningu nemenda í skólanum. Því miður sýna niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir nú í maí afturför hvað þessa mikilvægu þætti varðar. Eins og fram hefur komið eru þessar niðurstöður litnar alvarlegum augum og verður allt kapp lagt á að bæta líðan og öryggistilfinningu nemenda á næsta skólaári.

Fagmenntað starfsfólk skólans vann starfendarannsókn á skólaárinu 2021-2022. Hver og einn valdi sér viðfangsefni út frá sínu starfi og áhuga með það að markmiði að valdefla sjálfan sig og efla skólastarfið. Dæmi um rannsóknarspurningar sem lagt var upp með eru: Með hvaða hætti nýtist ART kennsla til að bæta hegðun og líðan nemenda?, Hvernig get ég nýtt teiknimyndasamtöl til þess að efla skilning nemenda á hegðun sinni?, Hvernig eyk ég lestur og lestraráhuga drengja í 10. bekk?, Hvernig búum við til og viðhöldum liðsanda meðal nemenda og starfsmanna?, Hvað getum við lært af upplifun nemenda af skólanum?, Er vinna með áhugasvið nemenda leið til þess að draga úr óæskilegri hegðun?

Mikil ánægja var meðal starfsfólks með starfendarannsóknirnar og áhrif þeirra á skólastarfið. Áfram verður unnið að starfendarannsóknnum næsta skólaár og margt starfsfólk nú þegar komið með hugmyndir að næstu rannsóknnum.

Áætlað var að skýra verkferla og gera leiðbeiningar um samskipti umsjónarkennara við heimaskóla nemenda. Búið er að yfirfara verkferla og skjöl varðandi aðlögun nemenda aftur í heimaskóla. Gerð var könnun á meðal kennara hvernig þeir myndu vilja hafa samskiptin við heimaskóla á meðan á skólavist stendur. Heimsfaraldur Covid-19 hafði nokkur áhrif á samskipti Brúarskóla og heimaskóla nemenda þar sem ekki var hægt að fara á milli skólanna á löngum tímabilum í vetur. Verkferlar eru því enn í mótun.

Á síðasta skólaári, 2020-2021, unnu stjórnendur skólans markvisst að því að efla sig sem leiðtoga og sem teymi. Auk þess var áhersla lögð á að efla jákvæð samskipti á vinnustað. Áætlað var að fá fræðslu fyrir starfsfólk vorið 2021 en það frestaðist vegna Covid-19. Á undirbúningsdögum ágúst 2021 héldum við fræðsludag með öllu starfsfólki þar sem Aldís Arna Tryggvadóttir, streituráðgjafi og markþjálfari hjá Streituskólanum var með fræðslu um starfsánægju, samskipti og samstarf.

Heimildir

Brund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir (ritstjórar). (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur. Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Gögn

Könnun á ráðgjöf til almennt skóla send skólum sem hafa fengið ráðgjöf á skólaárinu, send í maí 2022

Könnun Sjálfsmat nemenda lögð fyrir nemendur Vesturhlíð, Brúaseli og Brúarhúsum í maí 2022

Könnun um hvatningakerfi lögð fyrir starfsfólk Brúarskóla í Vesturhlíð og Brúarhúsum í júní 2022

Könnun um ýmis mál lögð fyrir starfsfólk Brúarskóla í júní 2022

Starfsmannafundur 1. júní 2022

Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar. Lögð rafrænt fyrir starfsmenn í mars 2022